

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 14. júní 2023
Málsnúmer: 202305-0049
SS

Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar við Norðausturveg um Brekknaheiði.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 16. Maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um hvort framkvæmd Vegagerðarinnar á endurbótum á Norðausturvegi (85) um Brekknaheiði í Langanesbyggð, eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn um tilkynnta framkvæmd. Stofnunin gerir eftirfarandi athugasemdir.

Framkvæmdin felur í sér tilfærslur á hluta veglínunnar og uppbyggingu alls vegarins. Þá er gert ráð fyrir nýjum efnistökusvæðum við veginn. Svæðið sem um ræðir er gróskumikið og votlendi algengt.

Farið hefur fram nýleg úttekt á gróðri og vistgerðum og í ljósi niðurstaðna þeirrar úttektar hefur veglínun verið hnikað til lítilega til að minnka rask á votlendi. Þrátt fyrir það verður umtalsvert rask á votlendi sem fellur undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka verndun og þar sem eru votlendisvistgerðir með hátt verndargildi. Staðsetning námusvæða ætti ekki að raska vistgerðu með hátt verndargildi nema að mjög litlu leyti. Jákvætt er að Vegagerðin stefni að því að endurheimta votlendi í stað þess sem raskast og að græða upp með endurheimt staðargróðurs þar sem tækifæri gefst.

Úttekt á fuglalífi hefur einnig farið fram. Þótt framkvæmdin sé ekki á skilgreindu mikilvægu fuglasvæði reyndist þéttleiki mófugla töluverður á svæðinu og því mun framkvæmdin valda einhverju búsvæðatapi. Við skipulag endurheimtar votlendis ætti að horfa til þess að í því felist ágóði fyrir fuglategundir sömuleiðis. Endurheimt búsvæða mófugla með t.d. landgræðslu ætti einnig að skoða sem mótvægisáðgerð.

Náttúrufræðistofnun telur að nauðsynlegar athuganir á náttúrufari svæðisins hafi farið fram og umhverfisáhrif framkvæmdarinnar fyrir þá umhverfisþætti sem eru veigamestir því ágætlega skýr. Ljóst er að rask á viðkvæmum votlendissvæðum og þar meðbúsvæðum fugla verður töluvert og nauðsynlegt að því sé haldið í lágmarki með útfærslum í hönnun og umgengni á framkvæmdatíma. Mótvægisáðgerðir munu einnig vera veigamiklar til að vega upp raskið. Náttúrufræðistofnun telur að nægilega sé gert grein fyrir umhverfisáhrifunum og að fullt mat á umhverfisáhrifum muni ekki bæta miklu við.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

